

STJÓRNARTÍÐINDI A 6 — 1973

Nr. 7.

14

29. marz 1973.

LÖG

um breyting á lögum nr. 1 11. febrúar 1970, um tollskrá o. fl.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallizt á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 1. gr. orðist svo:

Af öllum vörum, sem koma eða eru fluttar inn á tollsvæði ríkisins, skal greiða aðflutningsgjöld, nema annað sé tekið fram í lögum þessum eða öðrum sérstökum lögum. Skulu gjöldin vera eins og fyrir er mælt í eftirfarandi tollskrá, þannig, að dálkur nr. 1 gildir fyrir allar innfluttar vörur, nema sérstaklega sé á annan hátt ákvæðið í dálki nr. 2. Dálkur nr. 2 gildir fyrir vörur innfluttar til landsins samkvæmt ákvæðum um aðild Íslands að Fríverzlunarsamtökum Evrópu (EFTA) og samkvæmt ákvæðum sammings Íslands við Efnahagsbandalag Evrópu (EBE). Dálkur nr. 2 gildir þó ekki um vörur í eftirfarandi tollskrárnúmerum, sem innfluttar eru til landsins frá Efnahagsbandalagi Evrópu í upprunalegri mynd þess, þ. e. frá Belgíu, Frakklandi, Hollandi, Ítalíu, Luxembourg og Vestur-Þýzkalandi, svo og frá Írlandi:

03.03.09	16.03.00
05.04.00	16.04.00
05.06.00	16.05.00
05.15.00	20.02.01
14.02.00	21.03.00
14.03.00	21.05.03
14.04.00	22.01.01
14.05.00	22.08.00
15.04.00	23.01.00
15.05.00	24.02.32
15.06.00	

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. apríl 1973.

Gjört að Bessastöðum, 29. marz 1973.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Halldór E. Sigurðsson.

Stjórnartíðindi A 6, nr. 7. — Útgáfudagur 29. marz 1973.